

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 257/24. maí 1989, um bensíngjald.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 388/1990, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 19,40 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 21,20 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þann 1. febrúar 1991.

*Fjármálaráðuneytið, 29. janúar 1991.***Ólafur Ragnar Grímsson.***Magnús Pétursson.*

Nr. 37

**REGLUGERÐ**

24. janúar 1991

**um breyting á reglugerð nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á milli 7. tl. 1. gr. og 8. tl. 1. gr. komi þrjár nýir töluliðir, sem verða 8. tl., 9. tl. og 10. tl., er orðist svo:

8. Gjald fyrir leyfi til starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla, sbr. lög nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla . . . . . 50 000
9. Gjald fyrir endurnýjun leyfis samkvæmt 8. tl. . . . . 2 500
10. Gjald fyrir leyfi til starfrækslu rækju- og hörpudiskvinnslu . . . . . 50 000
- Númeraröð töluliða breytist í samræmi við 1. mgr.

2. gr.

Í stað „13.–15. tl.“ í 16. tl. 1. gr. komi „16.–18. tl.“.

3. gr.

25. tl. 1. gr. verði svohljóðandi:

Leyfi til að stunda almennar lækningar . . . . . 5 000

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 frá 23. desember 1975, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1991.***Ólafur Ragnar Grímsson.***Bragi Gunnarsson.*